



Örnefnagjöf á landgrunninu og utan þess III. Drekasvæðið

Útgáfa 1.0

Haukur Jóhannesson

Unnið fyrir Orkustofnun

Greinargerð

ÍSOR-08045

Verknr.: 503130

03.04.2008

ÍSLENSKAR ORKURANNSÓKNIR

Reykjavík: Orkugarður, Grensásvegi 9, 108 Rvk. – Sími: 528 1500 – Fax: 528 1699
Akureyri: Rangárvöllum, P.O. Box 30, 602 Ak. – Sími: 528 1500 – Fax: 528 1599
isor@isor.is – www.isor.is

Inngangur

Markmiðið með þessu verki er að reyna að koma á nafngiftum sem hægt er að nota og vísa til við rannsóknir og kröfugerð íslenska ríkisins. Reynt er eftir bestu vitund að gefa nöfn sem falla að íslenskri örnefnahefð og taka tillit til þeirra nafna sem þó eru til. Á sjálfu landgrunninu eins og það hefir verið skilgreint hingað til er fjöldi örnefna sem sjómenn hafa notað um langan aldur í mörgum tilvikum. Önnur nöfn á þessari slóð hafa orðið til á tuttugustu öld þegar farið var að sækja dýpra. Sum þeirra nafna er þó vart birtingarhæf og alls ekki hæf til að vera á kortum. Eitt er það markmið að þar sem nöfn vantar á grynri slóð þá er tekið mikið mið af þeim örnefnum sem til eru nærlendis. Dýpra og fjær landi – oft utan sjónmáls við það – er reynt að nýta fornar bókmenntir Íslendinga, með svipuðum hætt og Norðmenn hafa gert. Þó er í mörgum tilvikum tekið tillit til landslags og landforma. Þar sem sett eru nöfn sem virðast ókunnugleg þá er reynt að tengja þau með einhverju móti við landslagið. Mörg nöfnin eru úr norrænni goðafræði og því hafa þau alþjóðlega „skýrskotun“ einkum hjá þeim þjóðum sem tala germönsk mál. Forðast er að nota nöfn manna síðari tíma í örnefnum nema þar sem þau eru til fyrir. Merkið ◊ aftan við hvert nafn þýðir að það er nýyrði höfundar. Í þessari greinargerð eru tillögur að nöfnum á svonefndu Dreka-svæði en þar er innan við íslensku efnahagslögsögunnar sunnan Jan Mayen. Þess má geta að fornt íslenskt nafn á Jan Mayen er Svalbarði.

Dýptarkort af Dreka-svæðinu er aðeins nákvæmt á hluta þess og því erfitt að gera sér grein fyrir landslagseinkennum. Frægasti drekinn í íslenskum fornsögum er Fáfni í Völsungasögu sem reyndar er í hugum landans oftast ormur en á gömlum útskurðarmyndum er hann stundum sýndur sem dreki og er vafalaust afkvæmi drekatrúar í Evrópu. Hér er Völsungasaga nýtt til nafngjafa.

Örnefni

Langabrun. Brúin á ytra landgrunninu frá Skjaldarhorni og norður með Jan Mayen-hryggnum að austan. Dregur nafn af því hve brúin er löng. Enska: Langabrun edge. ◊

Langahlíð. Hlíðin neðan við Löngubrun og niður undir Ægisdjúp. Enska: Langahlid slope. ◊

Íslandssléttu. Allur flatinn frá innri landgrunnsbrúninni og út að þeirri ytri. Nafnið gefið af þeim vísindamönnum sem unnið hafa að landgrunnsmálum. Nær frá Skjaldargrunni og norðaustur fyrir land allt að Grænlandi. Enska: Iceland plateau/Íslandssletta plateau. ◊

Austurbrún. Innri landgrunnsbrúin frá Færeyjahrygg og norður með Austurlandi og út á móts við Langanes. Safnheiti en mörg hefðbundin nöfn eru á einstökum hlutum hennar. Enska: East Iceland edge/Austurbrun edge. ◊

Norðurbrún. Innri landgrunnsbrúin vestan við Langanes og liggur fyrir mestöllu Norðurlandi en þó ekki bein lína. Safnheiti en mörg hefðbundin nöfn eru á einstökum hlutum hennar. Enska: North Iceland edge/Nordurbrun edge. ◊

Hléssund. Nafn á langri grunnri rennu sem stefnir suðvestur-norðaustur og opnast framan í Löngubrún og er á milli Völsungs og Niflungs. Nafnið er dregið af Hlé sem var eitt af nöfnum Ægis. Hlér beygist: Hlér, Hlé, Hlé, Hlés. Enska: Hler trough/Hlessund trough. ◊

Mánadjúp: Nafn á djúpi vestan við Jan Mayen-hrygg. Það er dregið af því að lögun þess er ekki ólík hálfmánalagi. Þetta svæði hefir verið nefnt Jan Mayen trough á ensku og er það vísindamannanafn. Enska: Jan Mayen trough/Manadjup trough. ◊

Völsungur. Nafn á hæðasvæði sunnan við syðsta halann á Jan Mayen-hryggnum, sunnan og austan við Hléssund. Dregur nafn af Völsungum í Völsungasögu. Beygist: Völsungur, Völsung, Völsungi, Völsungs. Enska: Volsungur heigh. ◊

Niflungur. Nafn á syðsta halanum á Jan Mayen-hryggnum og svæðinu þar í kring. Liggur norðan og vestan við Hléssund. Dregur nafn af Niflungasögu (þýskt ljóð) sem fjallar um sömu atburði. Beygist: Niflungur, Niflung, Niflungi, Niflungs. Enska: Niflungur heigh. ◊

Völsungur:

Fáfnir. Langur bugðóttur hryggur norðvestan á Völsungi og liggur að Hléssundi. Nefndur eftir orminum eða drekanum í Völsungasögu. Beygist: Fáfnir, Fáfni, Fáfni, Fáfnis. Enska: Fafnir ridge. ◊

Otur. Annar samsíða en mun styttri hryggur austan við Fáfni. Hann er nefndur eftir Otri sem var bróðir Fáfnis. Beygist: Otur, Otur, Otri, Oturs. Enska: Otur ridge. ◊

Fáfnisrenna. Áll sem gengur norður milli Fáfnis og Oturs. Enska: Fafnisrenna channel. ◊

Otursrófa. Hali sem gengur suðaustur úr Otri. Enska: Oturrofa tail. ◊

Sigurður. Hæð nyrst á Fáfni. Nefnd eftir Sigurði Fáfnisbana. Enska: Sigurdur knoll. ◊

Reginn. Hæð á Fáfni skammt suðvestur af Sigurði. Bróðir Fáfnis. Beygist: Reginn, Regin, Regin, Regins. Enska: Reginn knoll. ◊

Sinfjötli. Hæð sunnarlega á Fáfni. Nefndur eftir Sinfjötla sonar Sigmundar í Völsungasögu. Beygist: Sinfjötli, Sinfjötla, Sinfjötla, Sinfjötla. Enska: Sinfjotli knoll. ◊

Högni. Lítil hryggur vestur af Sinfjötla. Nefndur eftir Högna sonar Gjúka konungs í Völsungasögu. Beygist: Högni, Högna, Högna, Högna. Enska: Hogni ridge. ◊

Högna renna. Sundið milli Sinfjötla og Högna. Enska: Hogni Channel. ◊

Niflungur:

Gnitagrunn. Nýtt nafn á þeim hluta Jan Mayen-hryggjar sem lendir undir áhrifum Íslendinga. Dregið af Gnitahiði þar sem Fáfnir lá á gulli sínu. Enska: Jan Mayen ridge/Gnitagrunn shelf. ◇

Lyngvi. Nafn á mjóum hala suðvestur úr Gnitagrundi. Dregur nafn af konungi í Völsungasögu en einnig er þar nafn á ormi undirliggjandi (ormi átti að leggja á lyng). Beygist: Lyngvi, Lyngva, Lyngva, Lyngva. Enska: Lyngvi ridge. ◇

Gunnar. Nafn á lágum hól sunnan undir Gnitagrundi. Gunnar er Gjúkason og bróðir Högna. Enska: Gunnar knoll. ◇

Hamðir. Nafn á útvexti úr Gnitagrundi til vesturs. Hamðir var sonur Guðrúnar Gjúkadóttur. Beygist: Hamðir, Hamði, Hamði, Hamðis. Enska: Hamdir spur. ◇

Sörli. Rani sem gengur suðvestur úr Hamði. Sörli var bróðir Hamða. Beygist: Sörli, Sörla, Sörla, Sörla. Enska: Sorli knoll. ◇

Erpur. Lítill flati norðvestur úr Hamða. Sörli var bróðir Hamða. Beygist: Erpur, Erp, Erpi, Erps. Enska Erpur knoll. ◇

Sörlabotn. Svo nefnist nokkuð djúpur slakki sem gengur norður milli Sörla og Lyngva. Enska: Sorlabotn cove. ◇

Erpskrókur. Lítið vik sem gengur upp í hlíðina milli Sörla og Erps en fyrir ofan gnæfir Hamðir. Enska: Erpskrókur cove. ◇

Gjúki. Lítill hóll í Mánadjúpi norður af Erp og Hamði. Nefndur eftir Gjúka föður Guðrúnar í Völsungasögu. Beygist: Gjúki, Gjúka, Gjúka, Gjúka. Enska: Gjuki knoll. ◇

Gjúk akrókur. Breiður bugur upp í Gnitagrund og Hamði en Erpur markar hann að vestan. Enska: Gjukakrókur cove. ◇

Buðli. Fell vestur af suðurenda Lyngva. Dregið af Buðla föður Brynhildar í Völsungasögu. Beygist: Buðli, Buðla, Buðla, Buðla. Enska: Budli knoll. ◇

Buðlarennan. Sundið milli Lyngva og Buðla. Enska: Budlarennan channel. ◇

Haki. Lítið fell skammt vestur af Buðla. Dregið af Haka í Völsungasögu. Beygist: Haki, Haka, Haka, Haka. Enska: Haki knoll. ◇

Hakarennan. Sundið milli Buðla og Haka. Enska Hakarennan channel. ◇


Lágbrún. Brúnin á Mánadjúpi að vestan. Þar er hæðarmunur ekki mikill. Enska: Lagbrun edge. ◇

Bikki. Lítil hæð sunnarlega á Lágbrún. Bikki er söguhetja í Völsungasögu. Beygist: Bikki, Bikka, Bikka, Bikka. Enska: Bikki knoll. ◇

Atli. Lítil hæð á Lágbrún norður af Bikka. Atli er nefndur eftir konungi Húna. Enska: Atli knoll. ◇

Grani. Nokkuð langur lágur ás nyrst á Lágbrún. Hestur Sigurðar Fáfnisbana. Enska: Grani ridge. ◇

Eylimi. Lítill hryggur sem gengur suður í Mánadjúp. Faðir Hjördísar móður Sigurðar Fáfnisbana. Beygist: Eylimi, Eylima, Eylima, Eylima. Enska: Eylimi ridge. ◇



Mynd 1. Örnefni á Drekasvæðinu. Völsungur og Niflungur eru nöfn á svæðum norðan og sunnan við Hléssund.

